

Titill	Ferðir á eigin vegum I
Skammstöfun	FJAL2EV05
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	ferðir, eigin vegum, fjallaferðir, óbyggðir
Staða	
Prep	2
Einingafjöldi	5

Lýsing:	Í áfanganum er áherslan á sjálfstæði nemenda við að afla sér reynslu og færni í fjalla- og óbyggðaferðum. Nemandi fer í styttri ferðir á eigin vegum sem hann skipuleggur sjálfur.
----------------	--

Forkröfur:	FJAL1GÖ05
-------------------	-----------

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi skipulag ferða og viðeigandi búnaði • kortalestri, áttavita og GPS • aðhlyningu í styttri ferðum • eigin styrkleika og takmörkunum • mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim • tækifærum til fjallamennsku, hollrar útivistar og ferðalaga í nærumhverfi sínu • mikilvægi þess að ganga vel um landið • rötun og leiðarvali í fjalllendi
------------------------	--

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning fjalla- og óbyggðaferða • rata með hjálp áttavita og GPS • huga vel að sjálfum sér og öðrum í ferðum • meta eigin styrkleika og takmarkanir • takast á við mismunandi aðstæður í óbyggðum • ganga vel um landið • velja milli mismunandi leiða sem henta hverju sinni til útivistar
---------------------	--

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri ferðir • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt • rata af öryggi um ókunnar slóðir • meta aðstæður á raunhæfan hátt • undirbúa, fara í, skrá og meta eigin ferðir og geta dregið lærdóm af því • ígrunda eigin ferðir
--------------------	---

	<ul style="list-style-type: none">• geta valið og farið í fjallaferðir við hæfi• leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum• geta notið þess að vera á fjöllum
--	---

Námsmat	Leiðsagnarmat og námsmappa
----------------	----------------------------

Leiðbeiningar/athugasemdir fyrir aðra kennara	Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara. Nemandi skilar ferðaáætlun og er hún hluti af námsmöppu.
--	--